

Fundur faghóps 1
Í 6. áfanga rammaáætlunar um verndun og orkunýtingu landsvæða (RÁ).
4. fundur – 14. apríl 2026.
Fjarfundur

Mætt: Birgir Vilhelm Óskarsson (BVÓ), Birna Lárusdóttir (BL) formaður, Edda Ruth Hlín Waage (ERW), Guðbjörg R. Jóhannesdóttir (GRJ – fór af fundi 11.30), Ívar Örn Benediktsson (ÍÖB), Jóhann Þórsson (JP), Jón Einar Jónsson (JEJ), Kristín Svavarsdóttir (KS), Sveinn Kári Valdimarsson (SKV).
Forföll: Guðný Zoëga (GZ)

Fundur hófst kl. 10

1. BL greindi frá fundi formanna faghópa með verkefnisstjórn sem haldinn var fyrir páska. Einnig var farið yfir fleira sem gerst hefur frá síðasta fundi, m.a. rannsóknaráætlun ERW og GRJ sem tengist þróun aðferðafræði við mat á landslagi og víðernum með hliðsjón af uppbyggingu Vaðölduvers. Hún er komin á borð verkefnisstjórnar.
2. Farið var yfir drög að reglugerð um kortlagningu óbyggðra víðerna sem nú liggur fyrir í samráðsgátt. ERW kynnti sérstaklega hvernig hún tengist mati á landslagi og óbyggðum víðernum.
3. Rifjuð voru upp frumvörp um breytingar á lögum um rammaáætlun og möguleg áhrif þeirra á vinnu faghópsins framundan.
4. Rætt var um verkefni sem er á borði faghóps og varðar yfirferð á nokkrum virkjanahugmyndum úr 5. áfanga RÁ með sérstakri hliðsjón af nýju frumvarpi til laga um breytingu á lögum um rammaáætlun.
5. Ýmis mál sem varða starf faghópsins framundan og gögn sem því tengjast voru rædd.

Fundi slitið kl. 12